

# Lyfjanefnd Landspítala

Fundargerð nr.: 2/2023

**Fundarstaður:** Teams

**Fundartími:** 1. febrúar 2023, kl. 14:00

**Viðstaddir:** Helga Eyjólfsdóttir, Arnþrúður Jónsdóttir, Björn Guðbjörnsson, Guðríður Kristín Þórðardóttir, Signý Vala Sveinsdóttir (varamaður PSG) og Örvar Gunnarsson, Eva Ágústsdóttir og Dóra Guðrún Pálsdóttir sem ritaði fundargerð

**Fjarverandi:** Guðrún I. Gylfadóttir, Pétur S. Gunnarsson og Sif Ormarsdóttir

## 1) Fundargerð nr. 1/2023

Fundargerðin samþykkt

## 2) Kynning á tillögum L-lyfjahóps

Einstaklingsbundin greiðsluþáttaka

*Ekki gerðar athugasemdir við tillögur L-lyfjahóps og þær teljast því samþykktar*

## 3) Sjúkratilfelli

*Umræða ekki birt.*

*SVS vikur af fundi kl. 14:35*

## 4) Umsögn um greiðsluþáttöku

a) Pembrolizumab (Keytruda) – ný ábending

Óskað er eftir umsögn lyfjanefndar um greiðsluþáttöku í nýrri ábendingu fyrir lyfið pembrolizumab (Keytruda), ásamt krabbameinslyfjameðferð sem formedferð og síðan áframhaldandi sem viðbótarmeðferð eitt og sér eftir skurðaðgerð, sem ætlað til meðferðar hjá fullorðnum einstaklingum með staðbundið langt gengið eða þríneikvætt brjóstakrabbamein á frumstigi með mikla hættu á endurkomu.

Gera má ráð fyrir að 8-10 sjúklingar fái meðferð á ári. Enginn sambærilegur meðferðarkostur er í boði og því er um kostnaðarauka að ræða.

Greiðsluþáttaka hefur verið samþykkt í Svíþjóð, er í vinnslu í Noregi en verði hafnað í Danmörku.

*Afgreiðslu frestað til næsta fundar*

Samþykkt milli funda

Faktor VIII damoctocog alfa pegol (Jivi) – nýtt sérlyf

Faktor VIII turoctocog alfa pegol (Esperoct) – nýtt sérlyf

## 5) Listi yfir lyf sem undanþegin eru umsókn – uppfærsla

Á listann bætast þrjú lyf: Difilicir, Synagis og Caelyx pegylated liposomal. Auk þess eru sett inn þau HIV-lyf sem hagstæðust eru í hverjum flokki eins og áður var rætt á fundi lyfjanefndar.

*Engar athugasemdir gerðar við uppfærðan lista og hann telst því samþykktur*

## 6) Önnur mál

### a) Breytingar á skipun lyfjanefndar og lyfjanefndarteymi

HE segir frá því að Sif Ormarsdóttir hefur nú flutt starfsvettvang sinn alfarið til Lyfjastofnunar og mun því hætta í lyfjanefnd í vor.

Rannveig Einarsdóttir mun láta af störfum vegna aldurs 1. júní. Verið er að auglýsa eftir lyfjafræðingi í hennar stað.

### b) Reglugerðir um lyfjamál

Tvær reglugerðir eru í vinnslu er varða lyfjamál. Annars vegar nr. 1414/2020 um verðlagningu og greiðsluþátttöku í lyfjum og nú liggur fyrir endanleg útgáfa sem nefndarmenn geta kynnt sér. Hins vegar reglugerð um notkun mannalyfja af mannúðarástæðum sem nú er opin í samráðsgátt stjórnvalda.

### c) Erindi hjá HRN vegna aðildar að samningum nágrannaríkis

Verið er að skoða möguleika á því að komast í samstarf við eitt Norðurlandanna í samningum um kaup á lyfjum. Það er nú til skoðunar í ráðuneytinu.

### d) Fundir lyfjanefndar

Vegna fjarveru formanns og varaformanns fellur fundur niður 15. mars en þar álag hefur verið mikið og mikill fjöldi umsókna sem berst verður þess í stað haldinn fundur 8. mars.

*Fundi slitið kl. 14:57*